

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Vogabyggð, svæði 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. mars 2019, nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð, svæði 5. Um er að ræða nýja lóð fyrir leik- og grunnskóla, nýja brúartengingu milli svæðisins og aðaltorgs Vogabyggðar á svæði 2, smábátahöfn Snarfara er stækkuð og félagssvæðið endurskipulagt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Veðurstofuhæð, nýr mælireitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. apríl 2019, breytingu á deiliskipulagi Veðurstofuhæðar vegna nýs mælireitar. Í tillögunni felst að skilgreind er ný afmörkuð lóð fyrir nýjan mælireit Veðurstofu Íslands. Reiturninn/lóðin verður norðvestan Veðurstofunnar á opnu útivistarsvæði við Minni-Öskjuhlíð. Á mælireitnum verða möstur, mælitæki og tengd aðstaða til veðurmælinga og rannsókna. Umhverfis mælitinn verður opið helgunarsvæði, sem nýtist sem útivistarsvæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipholtsreitir vegna Skipholts 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 29 við Skipholt. Í breytingunni felst að breyta þaki yfir 4. hæð á bakhúsi þannig að hægt sé að nýta fulla hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Láland 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Láland. Í breytingunni felst að þakformi og vegghæð húss nr. 2 við Láland er breytt að hluta til. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. maí 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2019